

# Morgunn

(Nú ljómar dagur)

Ísólfur Pálsson \*)

Ísólfur Pálsson, 1921  
Radd.: Páll Ísólfsson

1. Nú ljóm - ar dag - ur, ljó - sið skín svo leift - ur -

fag - urt inn til mín. Þar í - mynd guðs mín

er mér sýnd, sú ynd - is - feg - urð geisl - um krýnd.

## MORGUNN

Nú ljómar dagur, ljósið skín  
svo leifturfagurt inn til mín.  
Þar ímynd guðs mín er mér sýnd,  
sú yndisfegurð geislum krýnd.

Það vekur mig til vinnu' í dag  
að vinni' ég minni þjóð í hag  
að öllu góðu' ég leggi lið  
að líkn ég veiti' og semji frið.

Með lífi drottinn ljós mér gaf  
í lífi' að því ég njóti af  
og þó að dimmi stutta stund  
það stöðugt lýsir réttan mund.

Og ennþá ljósið skæra skín  
svo skýrt og fagurt inn til mín,  
þar sé ég guðs mín sönnu mynd  
og sól í himintærri lind.

Ó leyf mér guð að lofa þig,  
þín líknin blessuð annast mig,  
ó gef oss drottinn góðan dag  
og gleði' og hvíld við sólarlag.

\*) Ís.P. notaði einnig við þetta lag sálminn Hvað  
boðar nýárs blessuð sól eftir Matthías Jochumsson.